



445. fundur

haldinn í bæjarráðssal, fimmtudaginn 22. janúar 2009 og hófst hann kl. 17.00

Fundinn sátu: Ólafur Guðmundsson, formaður, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Davíð Sveinsson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

1. 0901035 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 20.01.2009 (113. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Aðalgata 17, 19 og 21, deiliskipulagsbreyting á verslunar- og þjónustulóðum.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Aðalgötu á verslunar- og þjónustulóðum merktar K og N á gildandi skipulagi miðbæjar. Breytingin felst í að fella niður reit N og sameina hann að hluta til lóð K. Syðri hlutinn af lóð N, sem nú er Aðalgata 21 verður aftur gerð að íbúðarhúsaloð og fallið er frá niðurrifi á íbúðarhúsi.

Samþykkt var að grenndarkynna deiliskipulagsbreytingu dags. 14.11.2008, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir eigendum Aðalgötu 15, 20, 21 og Laufásvegi 10, 12, 14 og 16. Tillagan var í grenndarkynningu frá 21. nóvember til 19. desember 2008. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til að deiliskipulagið verði samþykkt. Björgvin leggst gegn tillögu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Deiliskipulagstillaga af tjaldsvæði og golfvelli.

Stykkishólmsbær leggur fram tillögu að deiliskipulagi á tjaldsvæði og golfvelli sem sýnir m.a. staðsetningu á þjónustuhúsi tjaldsvæðis, breytta aðkomu að golfskála og lóðarmörk samkvæmt uppdrætti frá Arkitektarstofu OG, dags. 8.8.2008.

Deiliskipulagstillaga lögð fram. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að norðvesturmörk golfvallar verði 60 m skemmra í norðvestur en tillaga gerir ráð fyrir, sbr. uppdrátt dags. 8.08.2008.

Ekki er þörf á að breyta norðvesturmörkum golfvallar þar sem tekið er á gagnkvæmri notkun svæðisins í leigusamningi um landið við Golfklúbbinn Mostra.

Liður 4 Borgarbraut 1, auglýsingaskilti.

Lögð fram umsókn Bjarndísar Emilsdóttur f.h. C. Axis hársnyrtistofu kt. 580504 2130 dags. des. 2008, um að setja upp auglýsingaskilti Hárstofunnar á þakkant hússins við Borgarbraut nr. 1. Samþykki eigenda liggur fyrir.

Erindi samþykkt.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 5 Önnur mál.

Liður 5 a. Stöðuleyfi á pylsuvagni.

Sæþór Þorbergsson og Einar Gunnarsson sækja um f.h. S.J. Veitinga, kt. 710303-3980, endurnýjun á stöðuleyfi á pylsuvagni frá 19. mars, 2003 sbr. bréf/tölvupóst mótt. 19. 01.2009.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. 0901024 - Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 13.01.2009 (58. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 formaður skýrði frá fundi með safna- og menningarmálanefnd v/100 ára afmælis hafnskipabryggju þann 18. júní nk.

Samþykkt að Símon Már Sturluson verði fulltrúi hafnarstjórnar í afmælisnefnd.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 formaður kynnir efni bréf dags. 13. október 2008 frá Alberti Páli Sigurðssyni, varðandi geymsluskápa á hafnarsvæði.

Þar sem deiliskipulag hafnarinnar liggur ekki fyrir er erindinu hafnað.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

3. 0812021 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 09.12.2008 (30. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

4. 0901019 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 06.01.2009 (31. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

5. 0901018 - Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 12.01.2009 (52. fundur).

Fundargerð framlögð

Efni fundar:

úthlutun íbúðar Silfurgata 18b

úthlutun íbúðar Skúlagötu 9

1. Leiguíbúð Skúlagata 9
Erla Björk Sverrisdóttir úthlutað íbúðin.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

2. Leiguíbúð Silfurgata 18b
Henry Ólafsson og Kolbrún Sigurbjörnsdóttir úthlutað íbúðin.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

- 6. 0901013 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 08.01.2009 (56. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Aðrar fundargerðir.

- 7. 0901008 - Fundargerð stjórnar Lista- og menningarsjóðs, dags. 06.01.2009 (33. fundur).**
Framlagt.
- 8. 0901041 - Fundargerð Héraðsráðs Snæfellinga, dags. 07.01.2009.**
Framlagt.
- 9. 0901030 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 05.12.2008 (95. fundur),**
(www.breidafjordur.is).
Framlagt.

Erindi til kynningar.

- 10. 0901036 - Skýrsla: Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020.**
Framlagt.
- 11. 0901034 - Afrit af bréfi Bændasamtaka Íslands, dags. 16.01.2009 varðandi bótarétt vegna framkvæmda í almannabágu og framkvæmd eignarnáms.**
Framlagt.
- 12. 0901032 - Afrit af bréfi Sæferða ehf., dags. 16.01.2009 varðandi ferjusiglingar.**
Framlagt.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar leggur þunga áherslu á að ferjuferðum yfir Breiðafjörð verði ekki fækkað.

Það er mjög mikilvægt fyrir sveitarfélögin við Breiðafjörð að samgöngur yfir vetrartímann verði ekki lagðar af. Verði ferðir yfir fjörðinn lagðar af breytast búsetuskilyrði íbúa sunnanverðra Vestfjarða til hins verra í það minnsta á meðan ekki hefur verið bætt úr vegasamgöngum við sunnanverða Vestfirði. Enn fremur treysta nemendur á sunnanverðum Vestfjörðum sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga á tryggar samgöngur yfir Breiðafjörð. Ferjan hefur gengt veigamiklu hlutverki við uppbygging ferðaþjónustu við Breiðafjörð. Verði þjónusta ferjunnar skert er ljóst að á sama tíma mun þjónusta við ferðamenn sem leggja leið sína á Snæfellsnes og Vestfirði skerðast verulega. Þar með dregur verulega úr því góða uppbyggingastarfi sem unnið hefur verið á undanförunum árum til aukningar ferðamanna á svæðinu.

- 13. 0901029 - Bréf menntamálráðuneytis, dags. 12.01.2009 varðandi eftirfylgni við úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla.**
Framlagt.
- 14. 0901023 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 09.01.2009 varðandi verkfallslista fyrir 1. febrúar 2009.**
Framlagt. Engar breytingar gerðar á verkfallslista



15. **0901021 - Afrit af svari Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, dags. 04.12.2008 við bréfi Sturlu Böðvarssonar, dags. 05.11.2008 varðandi framhaldsskóla í Norðurlandskjördæmi vestra-Húsaleiga o.fl.**
Framlagt.
16. **0901020 - Bréf félags tónlistarskólakennara, dags. 06.01.2009 varðandi ályktun um stöðu tónlistarskólanna í landinu.**
Framlagt.
17. **0812046 - Afrit af svari Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, dags. 01.12.2008 við bréfi Sturlu Böðvarssonar, dags. 02.11.2008.**
Framlagt.
18. **0812039 - Bréf samgönguráðuneytis, dags. 17.12.2008 varðandi frumvarp til laga um hækkun hámarksútsvars í 13,28%.**
Framlagt.
19. **0812035 - Bréf Erlu Friðriksdóttur bæjarstjóra til Símans um fyrirspurn um uppfærslu í ADSL2 í Stykkishólmi og svar til hennar frá Símanum.**
Framlagt.
20. **0812033 - Innköllun á reit merktur Aa v/Laufásveg og Borgarbraut.**
Framlagt.
21. **0812030 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands, dags. 12.12.2008 varðandi áhrif fjármálakreppunnar á EBÍ.**
Framlagt.
22. **0812023 - Skýrsla um ferð Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms til USA 11.-18. nóvember 2006.**
Framlagt.
23. **0812022 - Skýrsla vegna styrkúthlutunar í febrúar 2007-Söngleikurinn Tehúsið.**
Framlagt.
24. **0805024 – Bréf til Guðmundar Inga Gunnlaugssonar, bæjarstjóra í Grundarfirði, dags. 13.01.2009 varðandi almenningssamgöngur á Snæfellsnesi.**
Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

25. **0901014 - Bréf Birgittu Bragadóttur, dags. 07.01.2009 varðandi almenningssamgöngur milli Reykjavíkur og Stykkishólms.**
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.
26. **0901009 - Bréf heilbrigðisráðuneytis, dags. 07.01.2009 varðandi áform um sameiningu heilbrigðisstofnana (til umsagnar).**

Umsögn vegna sameiningar sjúkrastofnanna á Vesturlandi

Bæjarráð Stykkishólms leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að nærþjónusta við íbúa svæðisins skerðist ekki við sameiningu heilbrigðisstofnanna Vesturlands. Enn fremur að sú heilbrigðisþjónusta sem veitt er á St. Franciskusspítalanum verði ekki skert og að sú þekking á sviði heilbrigðisþjónustu og stjórnunar verði áfram nýtt á stofnuninni og störf starfsfólks þannig tryggð. Bæjarráð leggur einnig áherslu á að unnið verði áfram að uppbyggingu og eflingu á því endurhæfingar og forvarnarstarfi sem unnið er við bakdeild sjúkrahússins. Bæjarráð bendir jafnframt á að húsnaðiskostur sjúkrahússins býður upp á mikla



möguleika á aukinni þjónustu.

27. 0812045 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 19.12.2008 varðandi heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum.

Samþykkt að framhaldsskólanemendur úr FSN fái frítt í sund daganna 19.-23. janúar 2009.

28. 0812040 - Bréf Sjónarhóls, dags. 05.12.2008 varðandi rekstrarstyrk við Sjónarhól.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

29. 0812037 - Brunavarnaráætlun Stykkishólms.

Framlögð og samþykkt.

30. 0812032 - Bréf, dags. 16.12.2008, fjárhagsáætlun HeV 2008, greinargerð formanns um starfsstöð HeV og fundargerð 82. stjórnarfundar heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Framlagt og samþykkt.

31. 0812029 - Bréf Hönnu Jónsdóttur, Svanborgar Siggeirsdóttur, Ingveldar Eypórsdóttur og Sigríðar Gísladóttur, dags. 15.12.2008 varðandi búsetuúrræði fyrir aldraða og fatlaða einstaklinga.

Samþykkt að vísa verkefninu til vinnuhóps um framtíðar búsetuúrræði aldraðra í Stykkishólmi.

32. 0812019 - Umsóknir um starf forstöðumanns Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi.

Eftirfarandi umsóknir bárust: Þuríður Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur, Ingibjörg Þórhallsdóttir hjúkrunarfræðingur og Erla Björk Sverrisdóttir hjúkrunarfræðingur. Samþykkt að ráða Erlu Björk Sverrisdóttur.

33. 0810042 - Tillögur UMF Snæfells, ódags.

Skv. fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 1.500.000 kr. styrks til félagsins auk 4.850.000 kr. framlagi vegna notkunar á íþróttahúsi og sundlaug. Ekki reyndist unnt að taka tillit til annarra liða erindisins við gerð fjárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009. Aðstaða félagsins í íþróttamiðstöðinni verður þó áfram til skoðunar í samstarfi við forstöðumann íþróttamiðstöðvar.

34. 0901038 - Tilnefning í vinnuhóp um framtíðar búsetuúrræði aldraðra í Stykkishólmi.

Samþykktir fulltrúar í vinnuhópinn eru: Dagný Þórisdóttir, formaður, Ellert Kristinsson og frekari tilnefningu vísað til bæjarstjórnar.

35. 0901039 - Bréf hóps áhugafólks á Snæfellsnesi (Kvarnir/Snæfellsness Akadémía), dags. 20.01.2009 varðandi íbúafundi á Snæfellsnesi.

Samþykkt að Stykkishólmsbær verði með í að skipuleggja íbúafundi á Snæfellsnesi og samþykkt að Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri verði fulltrúi Stykkishólmsbæjar í stýrihópi.

36. 0901040 - Bréf Kvenfélagsins Hringins, ódags. varðandi niðurfellingu fasteignagjalda vegna ársins 2009.

Samþykkt að veita Kvenfélaginu Hringnum styrk sem nemur fasteignagjöldum á Aðalgötu 24 fyrir árið 2009. Kvenfélaginu er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.



Samningar/tilboð.

37. 0812024 - Tilboð í götu að tjaldstæði.

Eftirfarandi tilboð bárust:

	m/vsk
Stefán Björgvinsson	4.068.400 kr.
Palli Sig ehf.	5.059.510 kr.
EB vélar ehf.	4.294.650 kr.
BB&Synir ehf.	5.654.500 kr.
Kostnaðaráætlun í verkið	5.805.000 kr.

Stefáns Björgvinssonar óskar eftir að falla frá tilboði vegna mistaka í útreikningum við gerð tilboðsins.

Bæjarráð samþykkir að hafna öllum tilboðum.

38. 0901031 - Verksamningur-gata að tjaldsvæði.

Samþykkt að vísa erindinu til bæjarstjórnar.

39. 0901037 - Golfklúbburinn Mostri leigusamningur.

Leigusamningur framlagður og samþykktur.

Annað.

40. 0812036 - Bráðabrigðauppgjör Stykkishólmsbæjar jan.-nóv.2008.

Framlagt.

41. 0812010 - Drög að þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2010-2012, síðari umræða.

Samþykkt að vísa drögum að þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010-2012 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

42. 0901042 Fundargerð v/Grunnskóla og Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 21.01.2009 og forsagnardrög.

Fundargerð og gögn framlögð.

43. 0901043- Skýrsla um Danska daga í Stykkishólmi.

Skýrsla framlögð.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50

Þór Örn Jónsson